

**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**  
**02 370**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ  
kt. 480109-0310  
Háholti 35, 270 Mosfellsbær

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 623,9 milljónir og afkoma kr. -27,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -6,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 76,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir,  
Skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	591.936.873	583.699.496
Aðrar tekjur .....	3	3.984.000	3.918.000
Seld þjónusta .....		11.470.552	12.175.988
Vörusala .....		4.551.000	5.090.500
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	1.280.000	3.260.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	10.684.435	10.900.550
<b>Tekjur samtals</b>		<b>623.906.860</b>	<b>619.044.534</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	461.279.573	420.022.763
Annar rekstrarkostnaður .....	6	179.398.213	186.724.916
Afskriftir .....	7	10.684.435	10.900.550
<b>Gjöld samtals</b>		<b>651.362.221</b>	<b>617.648.229</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(27.455.361)</b>	<b>1.396.305</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(75.107)</u>	<u>(69.909)</u>
		(75.107)	(69.909)
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>(27.530.468)</u></b>	<b><u>1.326.396</u></b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(32.028.468)	1.326.396
Rekstrartilfærslur .....		<u>4.498.000</u>	<u>0</u>
		<b><u>(27.530.468)</u></b>	<b><u>1.326.396</u></b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		29.302.660	37.807.586
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>29.302.660</u>	<u>37.807.586</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		466.820	477.890
Tengdir aðilar .....	8	37.185.541	11.906.678
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	2.574.098	2.934.527
Handbært fé .....		7.317.284	57.645.502
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>47.543.743</u>	<u>72.964.597</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>76.846.403</u></u>	<u><u>110.772.183</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(6.362.445)	21.168.023
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(6.362.445)</u>	<u>21.168.023</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	317.487	431.960
Viðskiptaskuldir .....		5.229.355	5.110.408
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	29.981.984	35.297.335
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	47.680.022	48.764.457
<b>Skuldir samtals</b>		<u>83.208.848</u>	<u>89.604.160</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>76.846.403</u></u>	<u><u>110.772.183</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(27.530.468)	1.326.396
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	10.684.435	10.900.550
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(10.684.435)	(10.900.550)
		<u>(27.530.468)</u>	<u>1.326.396</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		371.499	(1.493.702)
Tengdir aðilar .....		(17.972.845)	4.753.836
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(5.196.404)	4.742.851
		<u>(22.797.750)</u>	<u>8.002.985</u>
		<u>(50.328.218)</u>	<u>9.329.381</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(2.179.509)	(3.597.956)
		<u>(2.179.509)</u>	<u>(3.597.956)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		2.179.509	3.597.956
		<u>2.179.509</u>	<u>3.597.956</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(50.328.218)	9.329.381
		<u>57.645.502</u>	<u>48.316.121</u>
		<u>7.317.284</u>	<u>57.645.502</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	591.936.873	583.699.496
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	10.684.435	10.900.550
	<u>602.621.308</u>	<u>594.600.046</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	568.600.000	0	0	568.600.000
Fjáraukalög .....	(2.100.000)	0	0	(2.100.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	20.938.873	4.498.000	0	25.436.873
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>587.438.873</b>	<b>4.498.000</b>	<b>0</b>	<b>591.936.873</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(619.467.341)	0	0	(619.467.341)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(32.028.468)</b>	<b>4.498.000</b>	<b>0</b>	<b>(27.530.468)</b>

	2020	2019
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	0	330.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	1.280.000	1.530.000
Ýmsar tekjur .....	0	1.400.000
	<u>1.280.000</u>	<u>3.260.000</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	374.945.336	335.410.535
Orlof, breyting .....	(932.682)	3.513.706
Launatengd gjöld .....	86.233.719	77.996.853
Starfsmannakostnaður .....	1.033.200	3.101.669
	<u>461.279.573</u>	<u>420.022.763</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	37,8	35,3
------------------------------	------	------

### 6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	414.567	715.607
Byggingarvörur, almennar .....	0	57.844
Tæki og búnaður til innréttinga .....	19.580	0
Ýmis tæki og áhöld .....	444.674	1.014.447
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	185.517	316.883
Orkugjafir .....	3.362.910	3.556.757
Matvæli .....	8.907.246	11.652.055
Almennar rekstrarvörur .....	1.179.411	844.248
Vörukaup, almenn	<u>14.513.905</u>	<u>18.157.841</u>
Kennslu- og föndurvörur .....	1.192.159	3.724.336
Vörukaup, sérgreind	<u>1.192.159</u>	<u>3.724.336</u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður framhald</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	295.947	2.211.062
Ferðir, uppihald .....	73.200	372.273
Akstur .....	373.424	459.317
Sérfræðiþjónusta .....	6.840.705	5.864.682
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	405.801	599.343
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	682.735	666.755
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	850.486	1.400.426
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	9.522.298	11.573.858
Afnotagjöld .....	2.244.185	1.557.163
Leigugjöld .....	142.360.064	139.969.691
Notkun véla og flutningatækja .....	100.728	110.101
Verkkaup .....	8.437.769	10.595.781
Kostnaðarhlutdeild .....	886.545	946.045
Opinber gjöld .....	125.976	90.100
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	154.155.267	153.268.881
Vörukaup .....	14.584	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	14.584	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	179.398.213	186.724.916
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	29.302.660	37.807.586
	29.302.660	37.807.586
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		
		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 1.1.2020 .....		120.164.647
Viðbætur á árinu .....		2.179.509
		122.344.156
Afskriftir 1.1.2020 .....		82.357.061
Afskrift ársins .....		10.684.435
		93.041.496
Staða 31.12.2020 .....		29.302.660

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>8 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	37.185.541	11.906.678
	<u>37.185.541</u>	<u>11.906.678</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	317.487	431.960
	<u>317.487</u>	<u>431.960</u>
<b>9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Skattar .....	2.574.098	2.934.527
	<u>2.574.098</u>	<u>2.934.527</u>
<b>10 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	21.168.023	42.322.513
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(22.480.886)
Afkoma ársins .....	(27.530.468)	1.326.396
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(6.362.445)</u>	<u>21.168.023</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.		
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Ógreitt orlof .....	29.108.428	30.041.110
Ógreidd laun .....	0	2.756.068
Önnur ógreidd gjöld .....	873.556	2.500.157
	<u>29.981.984</u>	<u>35.297.335</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	29.302.660	37.807.586
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	18.377.362	10.956.871
	<u>47.680.022</u>	<u>48.764.457</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	37.807.586	10.956.871	48.764.457
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	9.600.000	9.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.179.509	(2.179.509)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(10.684.435)	0	(10.684.435)
	<u>29.302.660</u>	<u>18.377.362</u>	<u>47.680.022</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 10,3 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga. Greiðslur vegna samninga um húsnæði munu nema kr. 146,3 milljónum árið 2021 og greiðslur vegna þjónustusamninga munu nema kr. 12,6 milljónum árið 2021.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.